

Nr. 083 / 11 Blíða SH 277

Tók niðri og dregin til hafnar

Skipaskr.nr. 1178
IMO nr 0
Smíðaður: Seyðisfirði 1971 stál
Stærð: 61,9 brl. 61 bt.
Mesta lengd: 23,32 m Skráð lengd: 20,64 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
Vél: Caterpillar 269 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS



Blíða ©Hilmar Snorrason


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júní 2011 var Blíða SH 277 á kuðungaveiðum á Króksfirði. Veður: NA 10 m/sek.

Nýlokið var drætti einnar gildrutrossunnar kl. 15:00 og sneri skipstjóri skipinu á endabaujunni og lagði aftur í sama farið en þegar búið var að leggja um helming trossunnar tók skipið niðri með nokkrum skruðningi. Við þetta varð það stjórnlaust en skrufubúnaður var eðlilegur en stýrisblaðið var fast yfir í annað borðið. Gerð var árangurslaus lekaleit og við skoðun á stýrisvél virtist hún í lagi en stýrisstammi var fastur. Á meðan rak skipið en hægt var að setja áfam eða bakka frá grynningum á rekinu en svo var akkeri látið falla og beðið aðstoðar.



Knolli BA 8 kom um kl. 17:00 og dró Blíðu SH að bryggju á Karlsey (Reykholum).

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra var boðinn ekki í kortinu en hann taldi rafrænakortið sem hann notaði mjög gott og nákvæmt. Hann hafi bætt inn í það öllum upplýsingum sem hann hefði fundið því oft væri verið að veiðum á mjög þröngum og erfiðum veiðisvæðum. Þennan stein eða boða sagðist hann ekki hafa orðið var við áður;
- að skipið tók niðri skammt NV úr Króksálnum innan 10 m jafndýpislínunnar;
- að sögn skipstjóra tók skipið niðri á stað 65°26',243N og 22°03',740V;
- að dýpismæling í kortinu er frá því fyrstu sjómælingar voru gerðar á þessu svæði 1907 og eru dýpistölur ekki þéttar þó svo þær sem eru til staðar séu nákvæmar. Í korti 44 er getið skekkju í staðsetningu þess sem kemur fram þegar staðsetning með GPS er notuð. Þessi skekkja var ekki til staðar í rafrænakortinu sem notað var við siglinguna þó GPS staðsetning hafi verið notuð því leiðrétt hafði verið fyrir henni;
- að siglinga- og leiðsögutæki í brú eru dýptarmælir Furino SCV 1100 L, radar Koden MD 364 og MaxSea kortagrunnur studdur af GPS-staðsetningatæki;
- að dýptarmælirinn er með dýpisaðvörun sem ekki var virk og sagði skipstjóri að hann hafi aldrei notað hana í þessum dýptarmæli. Hann hafi notað asdik þegar hann er að kynna sér ný veiðisvæði en í þetta skipti hafði hann asdikstautinn ekki uppi því hann var að leggja trossuna og taldi að nægjanlegt dýpi væri til staðar;
- að fjara á Reykhólum var kl. 14:51 og var því fjara þegar skipið tók niðri en þar sem NA 10 m/sek var á svæðinu hefur rekið út þó innstraums (aðfalls) hafi verið farið að gæta áður en akkeri var látið falla;
- að skipstjóri kvaðst hafa kynnt sér öll fáanleg gögn um svæðið og siglt gætilega með asdik niðri til að fylgjast með botninum.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins má rekja til ófullnægjandi sjókorta og að skipstjóri gætti ekki að sér í samræmi við það.

Fram kemur í siglingakortinu að dýpistölur eru afar strjálar enda upphaflegar frá fyrstu árum sjómælinga á svæðinu.